

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 606/2021 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

1. gr.

c-liður 16. gr. a reglugerðarinnar orðast svo:

- c. Skipafélaga sem ekki eru skráð í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og stunda engar sjóferðir sem falla undir gildissvið laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á næstliðnum fjórum vöktunarárum, það aðildarríki þar sem skip félagsins hóf eða lauk fyrstu sjóferð sinni sem fellur undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir.

2. gr.

Eftirfarandi staflíður bætist við 31. gr. reglugerðarinnar:

- k. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2122 frá 17. október 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 að því er varðar uppfærslu á vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, sem vísað er til í tölulið 21apj í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 340/2023 frá 8. desember 2023. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34 frá 25. apríl 2024, bls. 82-121.

3. gr.

Eftirfarandi staflíður bætist við 32. gr. reglugerðarinnar:

- g. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2537 frá 15. september 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/856 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar starfsemi nýsköpunarsjóðsins, sem vísað er til í tölulið 21alk í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 337/2023 frá 8. desember 2023. Reglugerðin er birt í fylgiskjali við reglugerð þessa.

4. gr.

1. másl. 1. mgr. 34. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

- Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 5. gr., 6. mgr. 9. gr., 7. mgr. 10. gr., 4. mgr. 11. gr., 22. gr. og 23. gr. laga nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

5. gr.

Innleiðing.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi gerðum:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2122 frá 17. október 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/2066 að því er varðar uppfærslu á vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, sem vísað er til í tölulið 21apj í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 340/2023 frá 8. desember 2023.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2537 frá 15. september 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/856 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar starfsemi nýsköpunarsjóðsins, sem vísað er til í tölulið 21alk í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 337/2023 frá 8. desember 2023.

6. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. mgr. 11. gr., 22. gr. og 23. gr. laga nr. 96/2023 um viðskipta-kerfi ESB með losunarheimildir og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 29. apríl 2024.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Fylgiskjal 1.**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2537**

frá 15. september 2023

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/856 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar starfsemi nýsköpunarsjóðsins

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum nítjándu undirgrein 8. mgr. 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 2003/87/EB var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 ⁽²⁾ með því að rýmka röð verkfna sem nýsköpunarsjóðurinn getur stutt, með því að tilgreina hvernig eigi að meta verkefni sem sótt er um stuðning fyrir frá nýsköpunarsjóðnum og með því að styrkja stjórnun nýsköpunarsjóðsins. Með tilskipun (ESB) 2023/959 var framkvæmdastjórninni einnig gert kleift að veita stuðning frá nýsköpunarsjóðnum til verkfna með útboðsferli á samkeppnisgrundvelli.
- 2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. febrúar 2023 „A Green Deal Industrial Plan for the Net-Zero Age“ (áætlun fyrir iðnaðinn í Græna samkomulaginu fyrir kolefnishlutleysistímabilið) ⁽³⁾ er kveðið á um að staðið verði innan ramma nýsköpunarsjóðsins. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 16. mars 2023 um evrópska vetnisbankann ⁽⁴⁾ (e. *European Hydrogen Bank*) var þetta markmið ítrekað.
- 3) Í ljósi breytinganna á tilskipun 2003/87/EB og markmiðanna sem koma fram í þessum orðsendingum er nauðsynlegt að breyta framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/856 ⁽⁵⁾.
- 4) Í II. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/856 er mælt fyrir um reglur um veitingu styrkja úr nýsköpunarsjóðnum. Á heildina litið hafa þessar reglur reynst vera skilvirkar frá því að fyrsta auglýsingin eftir tillögum var birt 3. júlí 2020. Þó ætti að breyta þeim til að aðlaga þær að nýju kröfunum í tilskipun 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2023/959, og til að bæta hagkvæmni og árangur af styrkveitingarferlinu á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur á undanförunum árum.
- 5) Eftir auglýsingar eftir tillögum varðandi minni háttar verkefni hafa umsækjendurnir verið of fáir, nánar tiltekið vegna þess að minni háttar verkefni eiga greiðari aðgang að fjármögnun á landsvísi, meðan umsækjendur eftir auglýsingar eftir tillögum varðandi stór verkefni hafa verið allt of margir. Því er rétt að breyta skilgreiningunni á minni háttar verkefnum til að hún nái yfir verkefni þar sem heildarfjárfestingarútgjöld eru ekki yfir 20 000 000 evrum og að innleiða nýjan flokk meðalstórra verkfna til að bregðast við vandamálum varðandi bæði of fáa og of marga umsækjendur þannig að unnt verði að velja verkefni innan svipaðra stærðarflokka og stöðja með því við verkefni af öllum stærðum í hæsta gæðaflokki á vettvangi Sambandsins.
- 6) Í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um að styrkir sem eru ekki veittir með útboðsferli á samkeppnisgrundvelli geti í mesta lagi verið 60% af viðkomandi kostnaði við verkefnið. Við útreikning á viðkomandi kostnaði þykir rétt að greina á milli efnahagslegra tekna og rekstrarlegs ávinnings af verkefnum til að ákvarða rétt virði viðkomandi kostnaðar sem hægt er að veita stuðning við. Í ákvörðun um að standa fyrir auglýsingu eftir tillögum ætti einnig að vera mögulegt að ákvarða að viðkomandi kostnaður sé reiknaður út með því að bera áætlaðan kostnað við verkefnið saman við hefðbundna staðleysuframleiðslu, með hliðsjón af eðli auglýsingarinnar eftir tillögum og fyrri reynslu.
- 7) Til að koma í veg fyrir ofgreiðslu fyrir minni háttar verkefni sem skila umtalsverðum efnahagslegum tekjum ætti ekki lengur að reikna viðkomandi kostnað við þau út sem heildarkostnað fjárfestingarútgjalda. Sama aðferð við útreikning á viðkomandi kostnaði ætti að gilda um öll verkefni til að tryggja réttláta og jafna meðferð á umsækjendum og að einnig sé tekið tillit til hækkunar á efri mörkum heildarfjárfestingarútgjalda fyrir minni háttar verkefni. Þessi útreikningsaðferð ætti einnig að henta betur fyrir verkefni sem byggjast á mikilli notkun á endurnýjanlegri raforku vegna þess að tekið verður tillit til rekstrar-kostnaðar við slík verkefni við útreikning á viðkomandi kostnaði.
- 8) Sum nýsköpunarverkefni geta haft jákvæð loftslagsáhrif sem eru viðtækari en aðeins samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta á t.d. við um verkefni sem draga úr losun svartra kolefna í siglingageiranum sem stendur fyrir 75% af loftslagsáhrifum frá sjóflutningum sem stafa ekki af losun koltvísýrings. Þetta á einnig við um verkefni í fluggeiranum sem draga úr

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/959 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og ákvörðun (ESB) 2015/1814 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðug-leikavarsjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtið. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 134).⁽³⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, leiðtogaráðsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar: „Áætlun fyrir iðnaðinn í Græna samkomulaginu fyrir kolefnishlutleysistímabilið“ (COM(2023) 62 lokagerð).⁽⁴⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar „Evrópski vetnisbankinn“, Brussel, (COM(2023) 156 lokagerð).⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/856 frá 26. febrúar 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar starfsemi nýsköpunarsjóðsins (Stjtið. ESB L 140, 28.5.2019, bls. 6).

loftslagsáhrifum frá öðrum lofttegundum en gróðurhúsalofttegundum sem hafa tvöfalt til fjórfalt meiri áhrif en koltvísýringur. Því ætti að breyta viðmiðunum um möguleika til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda þannig að slíkur viðtækari loftslagsávinningur, umfram samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, verði felldur inn í viðmiðanirnar sem eru notaðar við mat á verkefnum.

- 9) Einnig ætti að rýmka viðmiðanir um tæknilega og markaðslega möguleika til viðtækrar notkunar eða endurgerðar til að taka tillit til möguleika fyrirhugaðs verkefnis til að skipta máli fyrir margs konar umhverfisáhrif sem og framlags þess til markmiðs ESB um núllmengun og hringrásarmarkmiða.
- 10) Breyta ætti viðmiðunum um kostnaðarhagkvæmni til að tilgreina hvernig tekið er tillit til annars opinbers stuðnings í útreikningnum.
- 11) Verkefni í siglingageiranum njóta nú þegar stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum, áður en losun frá sjóflutningum verður felld undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir frá 2024, ef þau fela í sér notkun á endurnýjanlegum orkugjafa eða orkugeymslu. Eigi síðar en 2030 ætti að nota 20 milljónir losunarheimilda frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir til að styðja við afkolun siglingageirans. Að auki ætti að veita verkefnum í geirum sem falla undir aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis sérstaka athygli innan ramma nýsköpunarsjóðsins.
- 12) Í ljósi nýrra tegunda verkefna og geira sem eru aðstoðarhæf innan ramma nýsköpunarsjóðsins getur framkvæmdastjórnin staðið fyrir sérstökum auglýsingum eftir tillögum eða málefnum fyrir tiltekna geira. Í tengslum við þessar geirabundnu auglýsingar eftir tillögum eða málefnum er hægt að nota viðbótarvalforsendur eða -kröfur til að meta mögulegt framlag fyrirhuguðu verkefnanna til markmiða og forgangs í Græna samkomulaginu í Evrópu. Slíkar viðbótarvalforsendur eða -kröfur geta tekið til mögulegs framlags verkefnisins til aðgengis ESB að öruggum og sjálfbærum birgðum af kolefnishlutlausri tækni sem þörf er á til að vernda viðnámsþrótt orkukerfis ESB og til að stuðla að sköpun gæðastarfa.
- 13) Þar eð verkefni sem sótt er um fyrir í nýsköpunarsjóðnum eru tæknilegs eðlis og fjölbreytt þykir rétt að matsnefndin sé sett saman úr óháðum utanaðkomandi sérfræðingum sem búa yfir nauðsynlegri sérfræðikunnáttu til að meta umsóknirnar á besta mögulega hátt. Aðkoma óháðra sérfræðinga gerir það kleift að aðlaga sérfræðipækkingu að þeim tegundum verkefna eða geira sem auglýsing eftir tillögum að verkefnum varðar og að vinna á fullnægjandi hátt úr mörgum umsóknum. Breyta ætti 12. gr. og 12. gr. a til að tilgreina að matsnefnd, sem er að öllu leyti eða að hluta til skipuð óháðum utanaðkomandi sérfræðingum, geti metið umsóknir.
- 14) Í ljósi takmarkaðs fjölda verkefna sem uppfylla sem stendur skilyrðin til að fá þróunaraðstoð til verkefnis og í því skyni að auka umfang slíkrar aðstoðar ætti að vera mögulegt að sækja um þróunaraðstoð til verkefnis að því er varðar hvers konar verkefni sem falla undir gildissvið nýsköpunarsjóðsins, óháð því hvort áður hefur verið sótt um styrk innan ramma nýsköpunarsjóðsins að því er varðar slík verkefni. Til þess að aðstoðin verði árangursrík ætti þó einungis að veita verkefnum þar sem sýnt er fram á nægilega mikla nýsköpun og sem hafa möguleika til að draga verulega úr loftslagsáhrifum og möguleika til viðtækrar notkunar þróunaraðstoð til verkefnis. Aðstoðarhæfi og valforsendur ættu að vera í samræmi við kröfurnar í breyttri tilskipun 2003/87/EB. Til að viðhalda samlegðaráhrifum milli styrkveitingarferlisins og kerfis þróunaraðstoðar til verkefnis ætti að vera mögulegt að ákveða hvort umsækjendur sem hafa tekið þátt í auglýsingu eftir tillögum og hafa uppfyllt viðmiðanir um árangur við samdrátt í losun og nýsköpun geti, ef þeir óska þess, fengið umsóknir sínar metnar sjálfkrafa m.t.t. þróunaraðstoðar til verkefnis. Til að endurspeglar aftengingu þróunaraðstoðar til verkefnis frá styrkveitingarferlinu ætti að breyta ákvæðum um valferlið.
- 15) Í breyttu tilskipuninni 2003/87/EB er kveðið á um að nýsköpunarsjóðurinn geti veitt verkefnum til að framleiða lág- eða núllkolefnisvöru, þ.m.t. verkefnum sem er hægt að nota til að draga úr losun frá starfsemi, stuðning með útboði á samkeppnisgrundvelli. Því ætti að fastsetja grunnbálg reglna sem gilda um veitingu stuðnings með útboði á samkeppnisgrundvelli. Útboð á samkeppnisgrundvelli ætti einkum að stuðla að nýju markmiði nýsköpunarsjóðsins um að halda áfram að auka nýsköpunartækni, ferli og tækniþekkingu með það fyrir augum að þau nái viðtækri útbreiðslu í öllu Sambandinu.
- 16) Í ljósi áætlunarinnar fyrir iðnaðinn í Græna samkomulaginu fyrir kolefnishlutleysistímabilið og orðsendingarinnar um evrópska vetnisbankann ætti stuðningur sem er veittur með fyrsta útboðsferlinu á samkeppnisgrundvelli að vera í formi fasts framlags. Velja ætti umsækjendur sem bjóða lægsta kauptilboðsverðið til að gera samninga með föstu framlagi þar sem föst fjárhæð er fastsett til stuðnings fyrir hverja framleiðslueiningu. Fjárhæð hvers fasts framlags ætti að jafngilda kauptilboðsverðinu sem umsækjendurnir bjóða. Líta ætti á föst framlög sem styrki í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ⁽⁶⁾ (fjárhagsreglugerðin).
- 17) Framkvæmdastjórnin ætti að þróa hvert útboðsferli á samkeppnisgrundvelli í samræmi við meginreglurnar um hreinskilni, gagnsæi, skýrleika og bann við mismunum og með það fyrir augum að lágmarka áhættu á spákaupmennsku við útboð. Þróun hvers útboðsferlis á samkeppnisgrundvelli ætti að taka til helstu efnahagslegu mælipáttanna sem hafa bein áhrif á hvatakerfi og tilbodshæðun talsmanna mögulegra verkefna og ætti að birta það með nægum fyrirvara fyrir auglýsinguna eftir tillögum til að um virka samkeppni geti verið að ræða. Komast ætti hjá leiðréttingum á niðurstöðum útboðsferlisins eftir á, s.s. síðari samningaviðræðum um tilboðsniðurstöður eða skömmtun.
- 18) Til að tryggja fullnægjandi og virka samkeppni milli umsækjenda ætti útboðsferli á samkeppnisgrundvelli að hafa yfir að ráða hámarksfjármagni eða -umfangi sem virkar takmarkandi á þann hátt að búast megi við að ekki fái allir umsækjendur stuðning. Ef umsækjendur í útboði á samkeppnisgrundvelli eru of fáir ætti að aðlaga þróun síðara útboðsferlis á samkeppnisgrundvelli til að tryggja virka samkeppni.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtið. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

- 19) Hvert útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli (þ.m.t. skilgreining og kröfur varðandi lág- eða núllkolefnisvöru sem veita má stuðning fyrir) ætti að vera þróað þannig að einungis þau verkefni séu valin sem hafa möguleika til að draga úr losun í nokkrum geirum og til að stuðla að loftslags- og orkumarkmiðum ESB og markmiði ESB um núllmengun og hringrásar-markmiðum. Uppbóðsvara ætti að hafa möguleika til viðtækrar notkunar og til að draga úr kostnaði við umbreytinguna yfir í loftslagshlutlaust hagkerfi í viðkomandi geirum. Að auki ætti að setja vörur í forgang sem hafa möguleika til að skipta máli fyrir margs konar umhverfisáhrif.
- 20) Fyrir hvert útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli ætti framkvæmdastjórnin að setja fram, með skýrum hætti, hæfniskröfur sem verður að uppfylla til að tillaga sé sett í forgangsröð. Þessar hæfniskröfur ættu að takmarkast við það sem er nauðsynlegt til að tryggja árangursríkt útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli og að lokið sé við fyrirhuguð verkefni í samræmi við markmiðin með auglýsingunni eftir tillögum og í samræmi við lög ESB.
- 21) Forgangsráða ætti tillögum sem uppfylla hæfniskröfurnar frá lægsta til hæsta kaupþilboðsverðs. Það ætti að vera mögulegt, í undantekningartilvikum, að nota viðbótarviðmiðanir til að forgangsráða tillögum að því tilskildu að kaupþilboðsverðið, sett í beint samband við vöruna eða markmiðið sem liggur til grundvallar viðfangsefninu í útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli, nemi a.m.k. 70% af vægi forgangsröðunarviðmiðananna.
- 22) Verkefni sem fela í sér framleiðslu á lág- eða núllkolefnisvörum gætu þegar notið stuðnings í mismiklum mæli í mismunandi aðildarríkjum. Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði milli umsækjenda og til að tryggja að kostnaðarhagkvæmstu verkefni séu valin ætti að vera mögulegt að takmarka möguleikann á því að verkefni sem njóta þegar opinbers stuðnings til framleiðslu á lág- eða núllkolefnisvörum taki þátt í útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli. Slíkar takmarkanir ætti að setja fram, með skýrum hætti, í ákvörðun um að standa fyrir auglýsingu eftir tillögum.
- 23) Til að komast hjá spákaupmennsku við útbóð og til að tryggja heiðarleika og mikil gæði tillagna, sem og til að auðvelda mat á tillögum með einfaldari athugunum á því hversu langt á veg verkefni er komið, er hægt að gera kröfu um tryggingar. Tryggingar ættu að vera í formi geymslufés, bankaábyrgða, ábyrgða frá móðurfélagi eða annars konar ábyrgða sem eru almennt notaðar.
- 24) Til að koma „uppboðsþjónustuveitu“ (uppboðsvettvangur ESB sem um getur í orðsendingunni um evrópska vetnisbankann) til framkvæmda gæti framkvæmdaraðilinn sem ber ábyrgð á að forgangsráða tillögum þurft að forgangsráða tillögum þar sem kaupþilboðsverðið er hærra en uppgjörsverðið þannig að aðildarríki geti veitt þessum verkefnum stuðning í tengslum við uppboðsþjónustuveituna.
- 25) Í samræmi við tilskipun 2003/87/EB skal framkvæmdastjórnin veita tækniástoð til aðildarríkja sem óska eftir því og sem eru með litla virka þátttöku í verkefnum sem eru fjármögnuð innan ramma nýsköpunarsjóðsins. Þessi tækniástoð ætti að auka getu aðildarríkisins, sem leggur fram beiðnina, til að styðja viðleitni talsmanna verkefna á yfirlýðingum hvers þeirra um sig til að leggja fram umsóknir um fjármögnun frá nýsköpunarsjóðnum til að bæta skilvirka landfræðilega þátttöku í nýsköpunarsjóðnum og auka heildargæði framlagðra verkefna. Í samræmi við 110. gr. fjárhagsreglugerðarinnar skal framkvæmdastjórnin ákvarða fjárhæðina sem er tiltæk fyrir tækniástoð til aðildarríkjanna og skrána yfir aðildarríki sem uppfylla skilyrðin til að fá tækniástoð. Aðildarríki sem uppfylla skilyrðin til að fá tækniástoð ættu að vera þau sem eru með lægsta hlutfallið milli stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum, sem verkefni á yfirlýðingum þeirra hafa fengið, (bæði með tilliti til fjölda og fjárhæðar) og hlutfalls þeirra af sannprófaðri losun í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á tímabilinu 2013–2020. Uppfæra ætti skrána yfir aðstoðarhæf aðildarríki a.m.k. einu sinni á tveggja ára fresti.
- 26) Í samræmi við tilskipun 2003/87/EB skal framkvæmdastjórnin leitast eftir samlegðaráhrifum milli nýsköpunarsjóðsins og Horizon Europe rammaáætlunarinnar um rannsóknir og nýsköpun og, ef við á, milli nýsköpunarsjóðsins og annarra áætlana ESB. Því er rétt að gera þá kröfu að framkvæmdaraðilinn stuðli að samlegðaráhrifum milli nýsköpunarsjóðsins og annarra fjármögnunaráætlana ESB sem hann stjórnar.
- 27) Til að tryggja sýnileika fjármögnunar frá nýsköpunarsjóðnum ættu talsmenn verkefna að kynna verkefni sín og niðurstöður þeirra og áhrif og þeir skulu tilgreina með skýrum hætti hvaðan stuðningurinn sem þeir fá er upprunninn með því að nota kynningarefnið sem samið var um fyrir fram við framkvæmdaraðilann.
- 28) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/856 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/856

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/856 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) „minni háttar verkefni“: verkefni þar sem heildarfjárfestingarútgjöld eru ekki yfir 20 000 000 evrum,“.
 - b) Eftirfarandi 4. til 10. lið er bætt við:

„4) „meðalstórt verkefni“: verkefni þar sem heildarfjárfestingarútgjöld eru yfir 20 000 000 evrum en ekki yfir 100 000 000 evrum,
- 5) „ákvörðun um að standa fyrir auglýsingu eftir tillögum“: fjármögnunarákvörðun þar sem framkvæmdastjórnin gerir það kleift að fjármagna auglýsingu eftir tillögum í samræmi við 110. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 (*) (fjárhagsreglugerðin),

- 6) „útboðsferli á samkeppnisgrundvelli“: ferli þar sem framleiðendur lág- eða núllkolefnisvöru, sem hafa sótt um stuðning frá nýsköpunarsjóðnum, eru valdir á grundvelli samkeppnishæfasta tilboðsins í samræmi við 13. gr. d í þessari reglugerð,
- 7) „hæfniskrafa“: skilyrði sem bjóðandi skal uppfylla í útboðsferli á samkeppnisgrundvelli til þess að tilboð hans verði sett í forgangsröð,
- 8) „forgangsröðunarviðmiðun“: viðmiðunin sem er notuð í útboðsferli á samkeppnisgrundvelli til að forgangsráða tillögum sem uppfylla hæfniskröfurnar. Forgangsröðunarviðmiðunin er alltaf kauptilboðsverðið, sett í beint samband við vöruna eða markmiðið sem liggur til grundvallar viðfangsefninu í útboðsferli á samkeppnisgrundvelli, en hægt er, í sérstökum undantekningartilvikum, að bæta við hana með öðrum forgangsröðunarviðmiðunum,
- 9) „þróun útboðsferlis á samkeppnisgrundvelli“: lýsing á helstu efnahagslegu mælipáttum útboðs á samkeppnisgrundvelli sem hafa bein áhrif á hvatakerfið og tilboðshegðun talsmanna verkefna,
- 10) „uppgjörsverð“: verð jaðartilboðs (e. *marginal bid*) sem uppfyllir gildandi hæfniskröfur í útboðsferli á samkeppnisgrundvelli.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjóð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).“

- 2) Eftirfarandi aa-lið er bætt við í 3. gr.:

„aa) að stýðja verkefni sem eru nægilega langt á veg komin, hafa umtalsverða möguleika til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og miða að því að auka nýsköpunartækni, ferli eða vörur til að þau nái viðtækri útbreiðslu í öllu Sambandinu,“.

- 3) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangshlutans kemur eftirfarandi:

„Stuðningur frá nýsköpunarsjóðnum getur verið í eftirfarandi formi:“

- b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) ef nauðsyn krefur til að ná markmiðum tilskipunar 2003/87/EB, fjármögnun í einhverju því formi sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni, einkum verðlaun og innkaup.“

- 4) Í stað fyrirsagnar II. kafla kemur eftirfarandi:

„Sértæk ákvæði sem eiga við um styrki sem eru ekki veittir á grundvelli II. kafla a, II. kafla b eða II. kafla c“.

- 5) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

Viðkomandi kostnaður

Að því er varðar fimmta málslið sextánda undirgreinar 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal viðkomandi kostnaður vera hreinn viðbótarkostnaður sem fellur á talsmann verkefnis vegna umsóknar um nýsköpunartækni sem tengist samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda eða að komist sé hjá henni.

Hreinn viðbótarkostnaður skal reiknaður út sem mismunurinn á milli i) besta mats á efnahagslegum kostnaði (sem nær yfir fjárfestingu og rekstur) og efnahagslegum tekjum og rekstrarlegum ávinningi og ii) besta mats á efnahagslegum kostnaði og tekjum og rekstrarlegum ávinningi af verkefni þar sem notuð er hefðbundin tækni með sömu getu með tilliti til árangursríkrar framleiðslu á hliðstæðri lokaafurð.

Framkvæmdastjórnin getur einnig ákveðið að viðkomandi kostnaður skuli vera hreinn viðbótarkostnaður, reiknaður út sem mismunurinn á milli besta mats á i) efnahagslegum kostnaði (sem nær yfir fjárfestingu og rekstur) og ii) efnahagslegra tekna og rekstrarlegs ávinnings.“

- 6) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Styrkir skulu greiddir þegar fyrirframákveðnum áföngum er náð.“

- b) í stað 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Allt að 40% af heildarfjárhæð styrks til tiltekens verkefnis skulu greidd við lok fjármögnunar eða þegar tilteknum áfanga er náð fyrir lok fjármögnunar ef slíkur áfangi hefur verið ákvarðaður í samræmi við 3. mgr.

5. Það sem eftir stendur af heildarfjárhæð styrksins skal greitt við lok fjármögnunar. Heimilt er að greiða hana að hluta til áður en starfræksla hefst og með árlegum afborgunum efir að starfræksla hefst.“

- c) Ákvæði 6. mgr. falla brott.

- 7) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Talsmönnum verkefna skal boðið að sækja um styrki gegnum opnar auglýsingar eftir tillögum sem framkvæmdastjórnin stendur fyrir. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun um að standa fyrir auglýsingu eftir tillögum skal hún hafa samráð við aðildarríkin um drög að ákvörðun.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði b-liðar falla brott.

2) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) lýsingu á málsmeðferð við umsókn, þar sem tilgreint er hvort málsmeðferð á einu stigi eða tveimur stigum við umsókn eigi við, og tilgreint hvaða upplýsingar og skjöl skuli leggja fram með umsókninni.“

3) Í stað g- og h-liðar kemur eftirfarandi:

„g) ef framkvæmdastjórnin leggur til hliðar hluta af heildarfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem er til-tækur vegna auglýsingar eftir tillögum fyrir minni háttar verkefni eða meðalstór verkefni: fjárhæð þess hluta,

h) hvort viðbótarvalforsendum er beitt í samræmi við 2. og 3. mgr. 11. gr.“

8) Í stað 2. og 3. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef málsmeðferð á tveimur stigum við umsókn er notuð skal hún samanstanda af eftirfarandi samfelldum stigum:

a) stigi yfirlýsingar um áhuga,

b) stigi fullgerðrar umsóknar.

Á stigi yfirlýsingar um áhuga skal talsmaður verkefnisins leggja fram lýsingu á meginatriðum verkefnisins í samræmi við kröfur sem mælt er fyrir um í viðkomandi auglýsingu eftir tillögum. Þessi lýsing skal innihalda lýsingu á árangri af verkefninu, nýsköpunarstig og hversu langt á veg það er komið eins og nánar er tilgreint í a-, b- og c-lið 1. mgr. 11. gr.

Á stigi fullgerðrar umsóknar skal talsmaður verkefnisins leggja fram ítarlega lýsingu á verkefninu og öll fylgiskjöl, þ.m.t. áætlanir um þekkingarmiðlun, samskipti og dreifingu.

3. Ef málsmeðferð á einu stigi við umsókn á við skal talsmaður verkefnisins leggja fram fullgerða umsókn eins og lýst er í þriðju undirgrein 2. mgr.“

9) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Valforsendur“.

b) í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Styrkir skulu veittir á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:

a) árangurs af fyrirhuguðum verkefnum með tilliti til möguleika þeirra til að komast hjá losun gróðurhúsalofttegunda og með tilliti til að draga úr heildarloftslagsáhrifum með því að nota, eftir atvikum, viðmiðanirnar sem um getur í 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,

b) nýsköpunarstigs fyrirhugaðra verkefna samanborið við nýjustu tækni,

c) hversu langt á veg verkefni er komið með tilliti til áætlanagerðar, viðskiptalíkans og fjárhagsskipunar verkefna og rekstrarforms þeirra að lögum sem og möguleikum á því að ná lokum fjármögnunar innan tilskilins tíma sem er ekki lengri en fjögur ár eftir ákvörðun um veitingu stuðnings,

d) tæknilegra og markaðslegra möguleika fyrirhugaðra verkefna til víðtækrar notkunar eða endurgerðar, eða til kostnaðarlækkunar í framtíðinni, og með hliðsjón af möguleika fyrirhugaðra verkefna til að skipta máli fyrir margs konar umhverfisáhrif sem og framlags þeirra til markmiðs ESB um núllmengun og hringrásarmarkmiða,

e) hagkvæmni með tilliti til umbeðinnar styrkfjárhæðar frá nýsköpunarsjóðnum, að viðbættum öllum öðrum opinberum stuðningi sem er hluti af fjárhagslíkani verkefnisins, deilt með því heildarmagni losunar gróðurhúsalofttegunda sem áætlað er að komast hjá á fyrstu 10 árum starfrækslu.

2. Einnig má taka viðbótarvalforsendur, sem miða að því að ná landfræðilega jafnri dreifingu stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum, með í auglýsingu eftir tillögum í þeim tilgangi að veita styrki til valinna verkefna.“

c) Eftirfarandi 3. mgr. er bætt við:

„3. Ef framkvæmdastjórnin stendur fyrir geirabundinni auglýsingu eftir tillögum eða kveður á um geirabundið málefni í auglýsingu eftir tillögum er heimilt að taka viðbótarvalforsendur eða -kröfur með í auglýsingagögnin til að meta mögulegt framlag fyrirhugaðra verkefna til markmiða og forgangs Græna samkomulagsins í Evrópu. Slíkar viðbótarvalforsendur eða -kröfur geta tekið til mögulegs framlags fyrirhugaðra verkefna til aðgengis ESB að öruggum og sjálfbærum birgðum af kolefnishlutlausri tækni sem þörf er á til að vernda viðnámsþrótt orkukerfis ESB og til að stuðla að sköpun gæðastarfa.“

10) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Valferli fyrir málsmeðferð á tveimur stigum við umsókn“.

b) Í stað 1. til 5. mgr. kemur eftirfarandi:

- „1. Á grundvelli þeirra umsókna sem berast á stigi yfirlýsingar um áhuga skal framkvæmdaraðilinn meta aðstoðarhæfi hvers fyrirhugaðs verkefnis í samræmi við 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Framkvæmdaraðilinn skal síðan velja aðstoðarhæf verkefni í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.
2. Á grundvelli þeirra umsókna sem berast á stigi yfirlýsingar um áhuga skal framkvæmdaraðilinn taka saman skrá yfir verkefni sem uppfylla valforsendurnar sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 1. mgr. 11. gr. og skal bjóða talsmönnum þessara verkefna að leggja fram fullgerða umsókn.
3. Á grundvelli fullgerðrar umsóknar sem berst í samræmi við 2. mgr. skal framkvæmdaraðilinn halda áfram úttekt og forgangsröðun verkefnis á grundvelli allra valfösenda sem mælt er fyrir um í 11. gr. Matsnefnd, sem getur að öllu leyti eða að hluta til verið skipuð óháðum utanaðkomandi sérfræðingum, skal meta umsóknir. Við lok matsins skal framkvæmdaraðilinn taka saman skrá yfir fyrirframvalin verkefni.
4. Senda skal framkvæmdastjórninni skrá yfir fyrirframvalin verkefni, sem um getur í 3. mgr., og hún skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:
- staðfestingu á að farið sé að viðmiðunum um aðstoðarhæfi og valforsendur,
 - upplýsingar um úttekt á verkefni og forgangsröðun,
 - heildarkostnað við verkefnið og viðkomandi kostnað, sem um getur í 5. gr., í evrum,
 - fjárhæð umbeðins styrks í evrum,
 - magn losunar gróðurhúsalofttegunda sem áætlað er að komast hjá.
5. Á grundvelli þess sem var sent skv. 4. mgr. skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin í samræmi við 2. mgr. 21. gr., samþykkja ákvörðun um veitingu stuðnings þar sem stuðningur sem veita skal til valinna verkefna er nánar tilgreindur og, eftir því sem við á, taka saman varaskrá.“
- c) Eftirfarandi 6. mgr. er bætt við:
- „6. Framkvæmdaraðilinn skal afhenda framkvæmdastjórninni þær umsóknir sem uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr. en voru ekki fyrirframvaldar. Ef umsækjendur samþykkja það getur framkvæmdastjórnin sent þessar umsóknir til einingarinnar sem ber ábyrgð á að veita þróunaraðstoð til verkefnis í samræmi við 13. gr.“
- 11) Ákvæðum 12. gr. a er breytt sem hér segir:
- Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:
„Valferli fyrir málsmeðferð á einu stigi við umsókn“.
 - Í stað 2., 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:
„2. Á grundvelli þeirra umsókna sem berast skal framkvæmdaraðilinn taka saman skrá yfir verkefni sem uppfylla valforsendurnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. og skal halda áfram úttekt og forgangsröðun verkefnis á grundvelli valfösendanna sem mælt er fyrir um í þeirri grein. Matsnefnd, sem getur að öllu leyti eða að hluta til verið skipuð óháðum utanaðkomandi sérfræðingum, skal meta umsóknir. Við lok matsins skal framkvæmdaraðilinn taka saman skrá yfir fyrirframvalin verkefni.

3. Framkvæmdaraðilinn skal afhenda framkvæmdastjórninni þær umsóknir sem uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr. en voru ekki fyrirframvaldar. Ef umsækjendur samþykkja það getur framkvæmdastjórnin sent þessar umsóknir til einingarinnar sem ber ábyrgð á að veita þróunaraðstoð til verkefnis í samræmi við 13. gr.

4. Senda skal framkvæmdastjórninni skrá yfir fyrirframvalin verkefni, sem um getur í 2. mgr., og hún skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:

 - staðfestingu á að farið sé að viðmiðunum um aðstoðarhæfi og valforsendur,
 - upplýsingar um úttekt á verkefni og forgangsröðun,
 - heildarkostnað við verkefnið og viðkomandi kostnað, sem um getur í 5. gr., í evrum,
 - fjárhæð umbeðins styrks í evrum,
 - magn losunar gróðurhúsalofttegunda sem áætlað er að komast hjá.“
- 12) Eftirfarandi kaflafyrirsögn er bætt við á eftir 12. gr. b:
- „II. KAFLI a
- Þróunaraðstoð til verkefnis“**
- 13) Í stað 13. gr. kemur eftirfarandi:
- „13. gr.
- Þróunaraðstoð til verkefnis**
- Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráð við aðildarríkin í samræmi við c-lið 2. mgr. 21. gr., ákveða hámarksfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem er tiltæk fyrir þróunaraðstoð til verkefnis.
 - Framkvæmdastjórnin getur veitt þróunaraðstoð til verkefnis í formi tækniástoðar við hvaða verkefni sem er, sem fellur innan ramma nýsköpunarsjóðsins, eins og sett er fram í fyrstu og sjöttu undirgrein 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.
 - Heimilt er að fjármagna eftirfarandi starfsemi með þróunaraðstoð til verkefnis:

- a) úrbætur og þróun á skjalahaldi í tengslum við verkefnið eða á þáttum í skipulagi verkefnisins með það fyrir augum að tryggja að verkefnið sé nægilega langt á veg komið,
 - b) mat á hagkvæmni verkefnisins, þ.m.t. tæknilegar og efnahagslegar athuganir,
 - c) ráðgjöf um fjárhagsskipan verkefnisins og rekstrarform þess að lögum,
 - d) að byggja upp getu talsmanns verkefnisins.
4. Ef þróunaraðstoð til verkefnis er komið í framkvæmd með óbeinni stjórnun skal einingin sem sér um framkvæmdina inna valferlið af hendi og taka ákvörðun um að veita þróunaraðstoðina til verkefnisins að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Í valforsendunum skal taka tillit til nýsköpunarstigs, samanborið við nýjustu tækni, möguleikans á að draga verulega úr loftslagsáhrifum og að styðja við viðtæka notkun, hversu langt á veg verkefnið er komið sem og landfræðilegs og geirasértæks jafnvægis í tengslum við verkmöppu fjármagnaðra verkefna.“
- 14) Eftirfarandi II. kafla b er bætt við:

„II. KAFLI b

Sértæk ákvæði sem gilda um útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli

13. gr. a

Þróun og meginreglur útbóðsferlis á samkeppnisgrundvelli

1. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja þróun útbóðsferlis á samkeppnisgrundvelli í samræmi við meginreglurnar um hreinskilni, gagnsæi, skýrleika og bann við mismunun.
2. Útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli skal þróað þannig að áhætta á spákaupmennsku við útbóð sé lágörkuð.
3. Allt útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli skal hafa yfir að ráða hámarksfjármagni eða -umfangi sem virkar takmarkandi. Útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli þar sem umsækjendur eru of fáir skal aðlagð til að koma aftur á virkri samkeppni í síðara útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli.
4. Þróun útbóðsferlis á samkeppnisgrundvelli skal birt með nægum fyrirvara fyrir birtingu auglýsingar eftir tillögum til að um virka samkeppni geti verið að ræða.

13. gr. b

Auglýsingar eftir tillögum

1. Talsmönnum verkefna skal boðið að sækja um útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli gegnum opnar auglýsingar eftir tillögum sem framkvæmdastjórnin stendur fyrir.
2. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun um að standa fyrir auglýsingu eftir tillögum skal hún hafa samráð við aðildarríkin um drög að ákvörðun.
3. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að standa fyrir auglýsingu eftir tillögum skal a.m.k. eftirfarandi koma skýrt fram:
 - a) stefnumarkmið sem unnið er að með auglýsingunni eftir tillögum,
 - b) nákvæm skilgreining og kröfur varðandi lág- eða núllkolefnisvöru sem veita má stuðning fyrir,
 - c) fjármagn sem nýsköpunarsjóðurinn leggur til,
 - d) hvort hámarkskauptilboðsverð eða -umfang á hvert tilboð muni gilda,
 - e) hvort takmarkanir muni gilda um uppsöfnun eða samsetningu stuðnings, sem er veittur á grundvelli útbóðsferlis á samkeppnisgrundvelli, með stuðningsráðstöfunum á vettvangi ESB eða landsbundnum stuðningsráðstöfunum,
 - f) hvort aðrar viðmiðanir en kauptilboðsverð muni gilda í því skyni að forgangsraða tillögum,
 - g) hámarkstímalengd stuðnings sem er veittur á grundvelli útbóðsferlis á samkeppnisgrundvelli,
 - h) lýsing á umsóknar- og valferlinu.

13. gr. c

Hæfniskröfur

1. Einungis tillögur sem uppfylla hæfniskröfurnar skulu teknar til greina við málsmeðferð við forgangsroðun sem sett er fram í 13. gr. d.
2. Hæfniskröfur skulu miða að því að tryggja að talsmenn verkefna sem taka þátt í útbóðsferli á samkeppnisgrundvelli séu færir um að ljúka við fyrirhugaða verkefnið í samræmi við þróun útbóðsferlisins á samkeppnisgrundvelli, í samræmi við skilmála auglýsingar eftir tillögum og í samræmi við markmiðin í 3. gr. og í samræmi við lög ESB.
3. Hæfniskröfur skulu takmarkast við það sem er nauðsynlegt til að ná markmiðum útbóðsferlis á samkeppnisgrundvelli og til að tryggja sem mesta samkeppni og gæði framlagðra tillagna.
4. Hæfniskröfur geta verið viðmiðanir fyrir aðstoðarhæfi, vali og valforsendum í skilningi fjárhagsreglugerðarinnar.

13. gr. d

Málsmeðferð við forgangsstöðun

1. Tillögum sem uppfylla hæfniskröfurnar skal forgangsraðað frá lægsta kauptilboðsverði til þess hæsta nema viðbótarviðmiðunum sé beitt skv. 2. mgr.
2. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, í sérstökum undantekningartilvikum, að nota viðbótarviðmiðanir til að forgangsraða tillögum að því tilskildu að kauptilboðsverðið, sett í beint samband við vöruna eða markmiðið sem liggur til grundvallar viðfangsefni í útboðsferli á samkeppnisgrundvelli, nemi a.m.k. 70% af vægi forgangsstöðunarviðmiðananna. Notkun á viðbótarviðmiðunum skal sett fram með skýrum hætti í auglýsingunni eftir tillögum og skal rökstudd með eðli uppboðsvörunnar og markmiðunum með auglýsingunni.
3. Framkvæmdaraðilinn skal taka saman skrá yfir fyrirframvaldar tillögur og senda hana til framkvæmdastjórnarinnar. Skráin skal innihalda:
 - a) staðfestingu á að farið sé að hæfniskröfunum,
 - b) upplýsingar um forgangsstöðun,
 - c) fjárhæð stuðnings sem óskað er eftir,
 - d) áætlað umfang uppboðsvörunnar.
4. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skal framkvæmdaraðilinn einnig senda forgangsstöðun tillagna sem uppfylla hæfniskröfurnar en þar sem verðið er hærra en uppgjörsverðið.
5. Á grundvelli þess sem var sent skv. 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin í samræmi við 2. mgr. 21. gr., samþykkja ákvörðun um veitingu stuðnings þar sem stuðningur sem veita skal til valinna tillagna er nánar tilgreindur og, eftir því sem við á, taka saman varaskrá.

13. gr. e

Uppsöfnun

1. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, fyrir hvert útboðsferli á samkeppnisgrundvelli, að takmarka möguleika talsmanns verkefnis til uppsöfnunar á stuðningi, sem er veittur á grundvelli útboðsferlis á samkeppnisgrundvelli, með fjármögnun á vettvangi ESB eða landsbundnum opinberum stuðningi.
2. Hvers konar takmarkanir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. skulu takmarkast við það sem er nauðsynlegt til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og til að ná markmiðum útboðsferlis á samkeppnisgrundvelli.
3. Umfangið og rökstuðningur fyrir takmörkununum, sem um getur í 1. mgr., skulu sett fram með skýrum hætti í drögunum að ákvörðun sem eru lögð fyrir aðildarríki skv. 2. mgr. 13. gr. b sem og við birtingu á þróunarþáttum útboðsferlis á samkeppnisgrundvelli sem um getur í 4. mgr. 13. gr. a.

13. gr. f

Tryggingar

1. Framkvæmdastjórnin getur gert kröfu um tryggingar, í samræmi við 8. mgr. a í 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, í formi fjárhagslegrar tryggingar til að draga úr áhættu á spákaupmennsku við útboð eða sem hvata fyrir talsmenn verkefna til að skila fyrirhuguðu verkefni tímanlega og í samræmi við tillögu sína.
 2. Tryggingar sem er haldið eftir skulu renna í nýsköpunarsjóðinn sem markaðar ytri tekjur skv. 5. mgr. 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.“
- 15) Eftirfarandi II. kafla c er bætt við:

„II. KAFLI c

Sértæk ákvæði sem gilda um tækniástoð sem veitt er til aðildarríkja sem eru með litla virka þátttöku

13. gr. g

Tækniástoð sem veitt er til aðildarríkja sem eru með litla virka þátttöku

1. Aðildarríki sem eru með lægsta hlutfallið á grundvelli stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem verkefni á yfirráðasvæði þeirra hafa fengið, samanborið við hlutfall þeirra af sannprófaðri losun í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir 2013–2020, geta uppfyllt skilyrðin til að fá tækniástoð sem framkvæmdastjórnin lætur í té í samræmi við fjórtánda undirgrein 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.
 2. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin í samræmi við d-lið 2. mgr. 21. gr., ákvarða hámarksfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem er tiltæk fyrir tækniástoð, sem og skrána yfir aðildarríki sem uppfylla skilyrðin til að fá tækniástoð. Skráin yfir aðstoðarhæf aðildarríki skal uppfærð a.m.k. einu sinni á tveggja ára fresti eftir það.“
- 16) Í stað fyrirsagnar III. kafla kemur eftirfarandi:
„Sértæk ákvæði sem gilda um önnur form stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum“.
- 17) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Fyrstu málsgrein er breytt sem hér segir:
 - 1) Í stað fyrsta málsliðar inngangshlutans kemur eftirfarandi:

„Heimilt er að fela framkvæmdaraðilanum, sem er tilnefndur í samræmi við 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar til að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda í samræmi við 2. mgr. 17. gr., heildarstjórnun vegna auglýsinga eftir tillögum, greiðslu stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum og vöktunar á framkvæmd valinna verkefna.“

- 2) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:
- „c) að skipuleggja valferlið, þ.m.t. mat og forgangs röðun á tillögum,“.
- 3) Í stað m-liðar kemur eftirfarandi:
- „m) aðgerðir er varða upplýsingar, samskipti og kynningar, þ.m.t. framleiðsla á kynningarefni,“.
- 4) Eftirfarandi oa-lið er bætt við:
- „oa) að stuðla að samlegðaráhrifum milli nýsköpunarsjóðsins og annarra fjármögnunaráætla ESB (þ.m.t. Horizon Europe),“.
- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „Eftir að hverri auglýsingu eftir tillögum, sem er skipulögð skv. 9. og 10. gr., er lokað skal framkvæmdaraðilinn deila upplýsingum með aðildarríkjum um umsækjendur, verkefni þeirra, samskiptaupplýsingar þeirra, umbeðna styrkfjárhæð, möguleika til að komast hjá losun gróðurhúsalofttegunda og fyrirhugaðar dagsetningar fyrir lok fjármögnunar og þegar starfræksla hefst.
- Eftir að hverri auglýsingu eftir tillögum, sem er skipulögð skv. 13. gr. b, er lokað skal framkvæmdaraðilinn deila upplýsingum með aðildarríkjum um talsmenn verkefnanna, verkefni þeirra, samskiptaupplýsingar þeirra, umbeðna styrkfjárhæð sem óskað er eftir frá nýsköpunarsjóðnum og, ef við á, fyrirhugaðar dagsetningar fyrir lok fjármögnunar og þegar starfræksla hefst.
- Miðlun upplýsinga sem um getur í annarri og þriðju málsgrein er með fyrirvara um samþykki talsmanna verkefna og löggjöf ESB.“
- 18) Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:
- „2. Ef greiddar fjárhæðir eru endurheimtar skv. 7. og 8. gr. þessarar reglugerðar skulu endurheimtu fjárhæðirnar mynda markaðar ytri tekjur í samræmi við 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar og skulu notaðar til að fjármagna starfsemi nýsköpunarsjóðsins.“
- b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:
- „3. Að því er varðar öll framkvæmdarverkefni sem framkvæmdastjórnin innir af hendi, þ.m.t. gegnum framkvæmdaskrifstofu, skulu tekjur nýsköpunarsjóðsins mynda markaðar ytri tekjur í skilningi 1. og 5. mgr. 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar. Tekjur nýsköpunarsjóðsins skulu standa straum af öllum stjórnunar- og rekstrarkostnaði sem tengist því að koma honum til framkvæmda. Framkvæmdastjórninni er heimilt að nota að hámarki 5% af fjárhagsramma nýsköpunarsjóðsins til að mæta stjórnunarkostnaði sínum.“
- c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:
- „4. Verkefni sem hefur fengið stuðning frá nýsköpunarsjóðnum má einnig fá framlag frá öðrum áætlunum Sambandsins, þ.m.t. úr sjóðum undir sameiginlegri stjórnun, að því tilskildu að þessi framlög taki ekki til sama kostnaðar og að engar takmarkanir hafi verið innleiddar í samræmi við 1. mgr. 13. gr. e. Uppsöfnuð fjármögnun skal ekki fara yfir heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar við verkefnið og reikna má stuðninginn frá mismunandi áætlunum ESB út hlutfallslega.“
- 19) Í stað 4. mgr. 20. gr. kemur eftirfarandi:
- „4. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 2003/87/EB skal nota tekjur nýsköpunarsjóðsins, sem eru eftirstandandi eftir að aðstoðarhæfistímabili studdra verkefna er lokið, til að styðja ný verkefni sem uppfylla viðmiðanir um aðstoðarhæfi sem mælt er fyrir um í 8. mgr. 10. gr. a í þeirri tilskipun þar til allar tekjurnar hafa verið notaðar vegna markmiða nýsköpunarsjóðsins.“
- 20) Ákvæðum 2. mgr. 21. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað a-, b- og c-liðar kemur eftirfarandi:
- „a) skrána yfir fyrirframvaldar tillögur, þ.m.t. varaskráin, sem komið var á fót í samræmi við 12. gr., 12. gr. a og 13. gr. d,
- b) drög að ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 9. gr. (1. mgr.), 13. gr. b. 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (1. mgr.),
- c) hámarksfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem skal gerð tiltæk fyrir þróunaraðstoð til verkefnis í samræmi við 13. gr.,“.
- b) Eftirfarandi d-lið er bætt við:
- „d) hámarksfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem skal gerð tiltæk fyrir tækniáðstoð og skrána yfir aðildarríki sem eru með litla virka þátttöku í samræmi við 13. gr. g.“
- 21) Í 23. gr. falla 5. og 6. mgr. brott.
- 22) Í stað 1. mgr. 24. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Á árinu 2025 og á fimm ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin inna af hendi úttekt á starfsemi nýsköpunarsjóðsins. Í úttektinni skal áherslan lögð á, en ekki takmarkast við, mat á samlegðaráhrifum milli nýsköpunarsjóðsins og annarra viðkomandi áætlana ESB, einkum rammaáætlun ESB um rannsóknir og nýsköpun (þ.m.t. Horizon Europe og Horizon 2020), sem og ferlinu við greiðslu stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum.“

23) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Talsmenn verkefna skulu, með virkum og kerfisbundnum hætti, kynna verkefni sem fá stuðning samkvæmt þessari reglugerð og niðurstöður þeirra og áhrif með því að gera viðeigandi upplýsingar aðgengilegar öllum eftir öllum tiltækum samskiptaleiðum, þ.m.t. vefsetur þeirra og samfélagsmiðlareikningar. Þessar upplýsingar skulu innihalda skýra tilvísun í fenginn stuðning frá nýsköpunarsjóðnum. Talsmenn verkefna skulu tilnefna tengilið fyrir samskipti um verkefnið og skulu upplýsa framkvæmdaraðilann um það með góðum fyrirvara áður en þeir taka þátt í tilteknum samskiptum um verkefni eða dreifingu sem geta mögulega haft veruleg fjölmiðlaáhrif.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Nota skal merkimiðann „(sam-)fjármagnað af viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (nýsköpunarsjóðurinn)“, táknmynd Sambandsins og annað kynningarefni sem krafist er fyrir alla starfsemi er varðar samskipti og miðlun þekkingar og skulu þau vera sýnileg á tilkynningatöflum á mikilvægum stöðum sem eru aðgengilegir almenningi í samræmi við samningsbundnar kröfur sem tengjast stuðningi frá nýsköpunarsjóðnum.“

c) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Talsmenn verkefna skulu veita nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir, í samræmi við 1. og 2. mgr., í áætlunum sínum um þekkingarmiðlun og samskipti og dreifingu. Þeir skulu vakta reglulega og endurskoða framkvæmdina ef við á.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

B-deild – Útgáfudagur: 30. apríl 2024